

Skarðshlíðarskóli - Áskorun til Hafnarfjarðarbæjar

Á aðalfundi Foreldrafélags Skarðshlíðarskóla, sem haldinn var þann 8. október, lýstu margir foreldrar yfir áhyggjum af öryggi barna sinna á leið í og úr skóla sökum slæmrar lýsingar, bæði á göngustígum og við skólann. Einnig vegna hættu á slysum vegna ófullnægjandi frágangs á skólalóð.

Því skorum við á bæjaryfirvöld að sjá til þess að eftirfarandi úrbætur verði gerðar eins fljótt og hægt er:

1. Bæta lýsingu á göngustígum að skólanum.
2. Bæta lýsingu á skólalóð.
3. Bæta lýsingu á akvegi inn í hverfið og að skólanum.
4. Sjá til þess að söltun og mokstur á gangstígum að skólanum verði tryggð frá fyrsta degi.
5. Sjá til þess að söltun og mokstur á akvegi að skólanum verði tryggð frá fyrsta degi.
6. Gera þarf úrbætur á svæði þar sem hjólagrindur eru sem varna því að bílar geti ekið eða runnið inn á svæðið.
7. Bæta þarf merkingar, á og við skólalóð. Sérstaklega við sleppistæði.
8. Kanna þarf hvort hægt sé að stækka sleppistæðið. Það rúmar aðeins fjórar bifreiðar.
9. Útbúa þarf biðstæði fyrir rútu sem flytur nemendur í sund og íþróttir, ótækt að rúta teppi sleppistæði þegar nemendur mæta í skóla.

Við óskum eftir svari skriflega hvenær ráðist verði í þessar úrbætur.

Virðingarfyllt og með von um skjót viðbrögð

Stjórn Foreldrafélags Skarðshlíðarskóla.